



HRUNAMANNAHREPPUR

14. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILÍÐ 2022 – 2026

1. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2023, þann 5. janúar kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Bréf frá Stjórnarráði Íslands frá 13. desember 2022.

Lagt fram bréf frá Stjórnarráði Íslands vegna breytinga á barnaverndarlögum nr. 80/2002 þar sem komið er á framfæri leiðbeiningum til sveitarstjórna vegna vinnu við endurskoðun samþykktu um stjórn og stjórnarsýslu sveitarfélaga, einkum framsetningu á valdaframsali til tilgreindra starfsmanna barnaverndarþjónustu, til fullnaðarafgreiðslu mála, og eftir atvikum samninga um samvinnu sveitarfélaga um barnaverndarþjónustu.

Lagt fram til kynningar en nú er unnið hörðum höndum að undirbúningi þjónustu á þessu sviði í samræmi við lög um farsæld barna.

2. Umsagnarbeiðni frá Atvinnuveganefnd Alþingis frá 16. desember 2022.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Atvinnuveganefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, 537. mál.

Lagt fram til kynningar.

3. Umsagnarbeiðni frá Atvinnuveganefnd Alþingis frá 16. desember 2022.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Atvinnuveganefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðar á fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/199 (aflvísir), 538. mál.

Lagt fram til kynningar.

4. Bréf frá Fjölskyldusviði Sveitarfélagsins Árborgar frá 13. desember og 27. desember 2022

Lagt fram bréf frá Fjölskyldusviði Sveitarfélagsins Árborgar með svari frá Sveitarfélaginu Árborg við erindi mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 22. 11. 2022 um reglur um innritun og útskrif nemenda vegna sérdeildar Suðurlands – möguleg afturköllun staðfestingar. Auk þess er lagt fram bréf með uppsögn á þjónustusamningi um Sérdeild Suðurlands milli Sveitarfélagsins Árborgar annars vegar og sunnlenskra sveitarfélaga sem hafa staðið saman um Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu og Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

Sveitarstjórn samþykkir að gerðir verði samningar við Sveitafélagið Árborg í samræmi við það fyrirkomulag sem kynnt er í bréfinu komi til þess að sveitarfélagið þurfi að nýta sér þjónustu Sérdeildar Suðurlands.

5. **Bréf frá stjórn Veiðifélags Árneseinga frá 8. desember 2022.**

Lagt fram bréf frá stjórn Veiðifélags Árneseinga þar sem kynnt er nýtingaráætlun fyrir árin 2022-2026.

Sveitarstjórn þakkar greinargóða skýrslu sem hér er lögð fram til kynningar.

6. **Bréf frá Getu ehf frá 27. desember 2022.**

Lagt fram bréf frá Getu ehf þar sem boðið er upp á ytra mats úttekt á skólasterfi í leikskólum og grunnskólum. Umsóknarfrestur fyrir ytra mats úttekt á vorönn er 27. janúar 2023.

Sveitarstjórn telur rétt að ákvörðun um mat og úttektir á skólasterfi fari fram samhliða þeirri vinnu sem framundan er vegna gerðar skólafestu og úttekt á skólasterfi í Hrunamannahreppi og vísar erindinu til skólanefndar.

7. **Bréf frá kór Menntaskólans að Laugarvatni frá 31. desember 2022.**

Lögð fram styrkbeiðni frá Menntaskólanum að Laugarvatni vegna fyrirhugaðrar tónleikaferðar kórsins til Ítalíu. Í kór skólans eru 7 nemendur sem koma frá Hrunamannahreppi.

Sveitarstjórn sér sér ekki fært að verða við erindinu.

8. **Bréf frá stjórn Björgunarfélagsins Eyvindar frá 31. desember 2022.**

Lagt fram bréf frá stjórn Björgunarfélagsins Eyvindar með uppsögn á samstarfs-, styrktar- og þjónustusamningi milli Björgunarfélagsins Eyvindar og Hrunamannahrepps sem gerður var í desember 2017, þar er jafnframt óskað eftir að gerður verði nýr samningur.

Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra og oddvita að ræða við bréfitara um áframhaldandi samning milli aðila.

9. **Breyting á reglum um lóðaúthlutun.**

Lögð fram drög að breytingum á reglum um lóðaúthlutun á Flúðum í Hrunamannahreppi.

Sveitarstjórn samþykkir reglurnar með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum.

10. **Minnisblað frá sveitarstjóra varðandi úthlutun lóða við Fannborgartanga.**

Lagt fram minnisblað sveitarstjóra varðandi úthlutun lóða við Fannborgartanga.

Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að auglýsa allar lóðir við Fannborgartanga lausar til úthlutunar í samræmi við reglur um lóðaúthlutun. Um er að ræða lóðir fyrir 2x4 íbúða raðhús, 2x3 íbúða raðhús, 4 parhús og 3 einbýlishús eða 25 íbúðir alls. Stefnt er að úthlutun á fyrsta fundi í febrúar.

11. **Kauptilboð: Hrunamannavegur 3.**

Lagt fram kauptilboð á Hrunamannavegi 3 að upphæð 180 m.kr. Um er að ræða hluta af atvinnuhúsnæðinu að Hrunamannavegi 3 á Flúðum. Húsið er byggt árið 2019, steypt og klætt að utan. Hin umræddu bil eru merkt 101, 102, 103, 104 og kjallari merktur 0016 og 0001 á teikningu. Alls er um að ræða 492 fermetra í óinnréttuðu rými á jarðhæð á besta stað við aðalgötuna á Flúðum auk 521m² rýmis í kjallara með fullri lofthæð. Í kauptilboði er einnig gert ráð fyrir kauprétti þannig að sveitarfélagið getur keypt bil „Almars bakara“ á fyrirfram ákveðnu verði (20 m.kr) og gildir rétturinn til loka árs 2024, verðbættur. Það rými er fullinnréttað sem veitingastaður.

Undir þessum lið lagði oddviti fram eftirfarandi tillögu:

Oddviti og sveitarstjóri hafa verið í nánú samtali við eiganda Hrunamannavegar 3 og í þeim viðræðum hafa komið fram óskir frá honum um kauprétt á húsnæði sveitarfélagsins að Akurgerði 4, enda slíkar hugmyndir um eignaskipti verið ræddar í tengslum við kaupin á Hrunamannavegi 3.

Í því ljósi er hér lögð fram sú tillaga að sveitarstjórn samþykki að í kaupsamningi verði gert ráð fyrir að seljandi Hrunamannavegar 3 hafi kauprétt til loka árs 2023 á Akurgerði 4 á kr. 50.000.000,-. Endanleg upphæð mun taka mið af breytingu byggingavísitölu frá undirritun kaupsamnings til þess dags að kaupréttur verði nýttur. Í kaupsamningi verði ákvæði varðandi það að Akurgerði 4 verði til framtíðar eingöngu nýtt fyrir verslun og þjónustu eins og verið hefur.

Tillagan borin upp og samþykkt.

Tillaga um samþykkt kauptilboðs um hluta húsnæðis að Hrunamannavegi 3 borin upp og samþykkt samhljóða með eftirfarandi bókun.

Sveitarstjórn fagnar því að samningar skuli hafa náðst um kaup á þessu glæsilega húsnæði sem í framhaldinu verður fundið verðugt hlutverk í miðbæ Flúða, miðju Uppsveita Árnassýslu. Eru kaupin í fullu samræmi við fjárhagsáætlun ársins 2023. Sé reiknað út fermetraverð hússins nemur það kr. 181.451,- á heildarfermetrafjöldann, en sé eingöngu reiknað með fermetrum á jarðhæð að teknu tilliti til kaupréttar á húsnæði Almars er fermetra verðið 280.899,- sem verður að teljast afar ásættanlegt verð fyrir jafn gott hús og hér um ræðir.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:

12. Fundargerð 251. fundar skipulagsnefndar frá 14. desember sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. desember sl.

Lögð fram fundargerð 251. fundar skipulagsnefndar frá 14. desember sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. desember sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 27. Hrafnabjörg: Breyttir landnotkunarflokkar; Aðalskipulagsbreyting.

Lögð er fram umsókn frá Hjörleifi Þór Jakobssyni er varðar breytingu á aðalskipulagi og heimild til deiliskipulagsgerðar vegna lands Hrafnabjarga L194595. Breytingin felst í því að breyta landbúnaðarsvæði í frístundasvæði og frístundasvæði í skógræktarsvæði. Um er að ræða frístundasvæði F20 (39ha) sem nær yfir hluta af landi Hrafnabjarga (14ha) og Álfabrekku (25ha). Frístundahúsasvæði innan Hrafnabjarga er óbyggt og ekkert deiliskipulag fyrir hendi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að ekki verði gerð athugasemd við gerð skipulagslýsingar sem tekur til breytinga á aðalskipulagi og gerð deiliskipulags sem tekur til viðkomandi svæðis. Að mati nefndarinnar er æskilegt að viðkomandi ræktunarland í flokki 1 verði flokkað sem skógræktarland fremur en frístundasvæði nema landeigandi geti sýnt fram á með ítarlegra mati að viðkomandi land teljist ekki til úrvals ræktunarlands í flokki 1.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við gerð skipulagslýsingar sem tekur til breytinga á aðalskipulagi og gerð deiliskipulags sem tekur til viðkomandi svæðis. Að mati sveitarstjórnar er æskilegt að viðkomandi ræktunarland í flokki 1 verði flokkað sem skógræktarland fremur en frístundasvæði nema landeigandi geti sýnt fram á með ítarlegra mati að viðkomandi land teljist ekki til úrvals ræktunarlands í flokki 1.

Mál nr. 28. Syðra-Langholt 2: Spennistöð; Stofnun lóðar.

Lögð er fram umsókn um stofnun lóðar frá Foldvegi ehf. Um er að ræða lóð umhverfis spennistöð sem er hluti af dreifikerfi RARIK.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirliggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki erindið með fyrirvara um lagfærð gögn.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir stofnun lóðar skv. fyrirbyggjandi umsókn með fyrirvara um lagfærð gögn.

Mál nr. 29. Sunnuhlíð: Íbúðabyggð; Breytt stærð lóða og fjölda íbúða; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram tillaga óverulegrar breytingar á deiliskipulagi sem tekur til íbúðarbyggðar að Sunnuhlíð. Í breytingunni felst m.a. að lóðum fyrir parhús er breytt í lóðir fyrir raðhús.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43.

Mál nr. 35. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. desember sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. desember sl.

Verkfundargerðir:

a. Kópavatn - Garðastígur: Verkfundargerð 13. fundar.

Fundargerðin samþykkt.

b. Kópavatn - Garðastígur: Verkfundargerð 14. fundar.

Fundargerðin samþykkt.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

c. Svæðisskipulag Suðurrhálendis: Fundargerð 22. fundar frá 22. nóvember sl.

Lagt fram til kynningar.

d. Svæðisskipulag Suðurrhálendis: Fundargerð 23. fundar frá 15. desember sl.

Lagt fram til kynningar.

e. SASS: Fundargerð 588. fundar stjórnar frá 26. október sl.

Lagt fram til kynningar.

Mál til kynningar:

f. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 916. fundar stjórnar frá 14. desember sl.

Lagt fram til kynningar.

g. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 54. fundar stjórnar frá 12. desember sl.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:09